

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 27/2005**

**frá 11. mars 2005**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/328/EB frá 5. apríl 2004 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/373/EB frá 13. apríl 2004 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í fiskeldistegundum <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:  
  
„- **32004 D 0373**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/373/EB frá 13. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 49).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 78. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/315/EB) í hluta 4.2:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 129.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 49.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5.

79. **32004 D 0453**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í fiskeldistegundum (Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4.

Þessi gerð á einnig við um Ísland.“

3. Texti 13. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/44/EBE) í hluta 4.2. falli brott.
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:
- „- **32004 D 0328**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/328/EB frá 5. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 129).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/328/EB, 2004/373/EB og 2004/453/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.